

**Nd.**

### **§6. Nefndarátt**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 26, 20. okt. 1905, um váttrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

Frá landbúnaðarnefndinni.

Frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, hefir nefndin athugað, og er það samhljóða frumvarpi því, er hv. neðri deild afgreiddi á aukabinginu í vetur, en dagaði þá uppi í efri deild vegna tímaskorts. Jafnframt því að nefndin er öll á einu máli um það, að frumvarp þetta, eins og það liggur fyrir, sje til mikilla bóta, leyfir hún sjer að gera nokkrar frekari breytingar á lögnum, sem aðallega ganga í þá átt að veita þeim, er hefir á hendi reikningshald og umsjón brunabóta-sjóðsins í sveitunum, litilfjörlega þóknun fyrir starf sitt.

Það er óneitanlegt, að störf þessi auka töluvert á erfiði sveitarstjórna, eða þess manns, er hefir þau með höndum, og virðist það mjög ósanngjarnt, að ekkert gjald komi þar fyrir, auk þess sem það er víst, að þetta hefir orðið þess valdandi, að margar hreppsnefndir hafa hliðrað sjer hjá forgöngu fyrir því í sveitunum, að þessi þörfu lög hafi komið til framkvæmda.

Þá telur og nefndin hagkvæmt að færa þessar breytingar inn í meginmál hinna gildandi laga, og gera þau með því aðgengilegri fyrir þá, er þeirra þurfa að gæta.

Samkvæmt framanrituðu ræður því nefndin hv. deild til að samþykkja frumvarpið með þessum

### **VIÐAUKATILLÖGUM:**

1. Á eftir 4. gr. komi ný 5. gr. svo hljóðandi, og breytist greinatalan eftir því:  
9. gr. laganna orðist svo:

Oddviti sveitarstjórnar hefir með höndum alla stjórn og umsjón brunabóta-sjóðs, og setur fje hans á vöxtu á hentugum stað, með nægri tryggingu. Hann hefir á hendi innheimtu á iðgjöldum til sjóðsins, og hafa þau sama lögtaksrjett sem sveitarútsvör. Hann hefir og á hendi reikningshald sjóðsins og skýrslugerð, og leggur ársreikning hans fyrir sýslunefnd til endurskoðunar og úrskurðar um sama leyti og sveitarsjóðsreikning.

Fyrir störf þessi greiðir sveitarsjóður 50 aura fyrir hvert váttrygt býli.

Heimilt er sveitarstjórn að fela þessi störf öðrum manni úr sveitarstjórninni en oddvita.

2. Á eftir 5. gr. frv., sem verður 6. gr., komi ný gr., 7. gr., svo látandi:  
Þá er lög þessi hafa öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau inn í meginmál laga nr. 26, 20. okt. 1905, og gefa þau út svo breytt.

Alþingi, 16. júlí 1917.

Stefán Stefánsson,  
formaður.

Einar Arnason,  
ritari og framsm.

Jón Jónsson.      Þjetur Þórðarson.      Sigurður Sigurðsson.